

Ár 2002, miðvikudaginn 16. október, var af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 30/2002 var tekin svohljóðandi

ÁKVÖRDUN

Með bréfi dags. 11. júlí 2002 kærði Hrund Kristinsdóttir lögfræðingur, f.h. eigenda húseignarinnar Vesturgötu 19, Reykjavík, þeirra Önnu Garðarsdóttur, kt. 231139-4439, Hrannar Marinósdóttur, kt. 150565-5379, og Þrastar Helgasonar, kt. 131067-4109, ákvörðun Fasteignamats ríkisins um endurmat á brunabóta- og fasteignamati eignarinnar sem tilkynnt var kærendum með bréfi dags. 12. mars 2002. Kærendur óskuðu eftir rökstuðningi Fasteignamatsins fyrir ákvörðuninni. Rökstuðningur barst með bréfi stofnunarinnar dags. 12. apríl 2002.

Yfirfasteignamatsnefnd óskaði með bréfi dags. 9. október 2002 eftir umsögn Fasteignamats ríkisins um framangreinda kæru. Umsögn af hálfu stofnunarinnar hefur enn ekki borist.

Þann 30. september 2002 barst Yfirfasteignamatsnefnd bréf Hrundar Kristinsdóttur lögfræðings f.h. kærenda. Í bréfinu segir:

“Vísað er til kæru sem undirrituð beindi til Yfirfasteignamatsnefndar f.h. eigenda að Vesturgötu 19, dags. 11. júlí 2002.

Með vísan til 2. mgr. 29. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 er þess hér með farið á leit f.h. eigenda ofangreindrar eignar að Yfirfasteignamatsnefnd úrskurði um frestun réttaráhrifa ákvörðunar Fasteignamats ríkisins í ofangreindu máli.

Gerð er sú krafa að téð kæra til Yfirfasteignamatsnefndar fresti réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar. Í kröfunni felst nánar tiltekið að þangað til efnisúrskurður nefndarinnar í málinu liggur fyrir eigi að miða við eldra fasteigna- og brunabótamat, þ.e. það mat sem gildi áður en ákvörðun Fasteignamats ríkisins um endurmat tók gildi.

Kærendur áskilja sér allan rétt til að koma fram frekari gögnum og upplýsingum síðar ef tilefni gefst til.”

Niðurstaða varðandi frestun réttaráhrifa

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að stjórnssýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar stjórnvalds. Í 2. mgr. sama laga-ákvæðis segir:

“Æðra stjórnvaldi er þó heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þar sem ástæður mæla með því.”

Kærendum var tilkynnt ákvörðun Fasteignamats ríkisins um endurmat fasteignamats og brunabótamats með bréfi stofnunarinnar dags. 12. mars 2002 og jafnframt um að ákvörðunin gildi frá 15. september 2001. Kæra barst Yfirfasteignamatsnefnd 12. júlí 2002 en gert er ráð fyrir að kveðinn verði upp fullnaðarúrskurður í kærumálinu í nóvember n.k.

Telja verður að sérstakar ástæður þurfi að vera fyrir hendi til þess að vikið verði frá meginreglu 1. mgr. 29. gr. laga nr. 37/1993 og fallist á frestun réttaráhrifa kærðrar

ákvörðunar. Ekki er vísað til neinna slíkra ástæðna í bréfinu 30. september 2002 þar sem af hálfu kæranda er óskað frestunar réttaráhrifa endurmatsins. Verður heldur ekki séð að sérstakar ástæður mæli með því að vikið verði frá meginreglunni eins og málum er háttað. Með hliðsjón af því hafnar Yfirfasteignamatsnefnd beiðni kæranda um frestun réttaráhrifa endurmatsins.

ÁKVÖRÐUN:

Beiðni um frestun réttaráhrifa ákvörðunar Fasteignamats ríkisins um endurmat brunabótamats og fasteignamats Vesturgötu 19, Reykjavík, er hafnað.

Pétur Stefánsson

Agnar Gústafsson

Guðmundur Magnússon